
Persónuverndarstefna



EUROPEAN AGENCY
for Special Needs and Inclusive Education

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir



EFNISYFIRLIT

PERSÓNUVERNDARSTEFNA MIÐSTÖÐVARINNAR	3
Persónuverndarreglur	3
Réttindi þín	4
Skyldur þínar	4
Tegundir persónuupplýsinga sem miðstöðin kann að geyma	5
Söfnun persónuupplýsinga þinna	6
Tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga	6
Deiling persónuupplýsinga með þriðju aðilum	7
Öryggi persónuupplýsinga	7
Varðveisla persónuupplýsinga	8
Breytingar á persónuverndarstefnu stofnunarinnar	8
Skilgreiningar	9



PERSÓNUVERNDARSTEFNA MIÐSTÖÐVARINNAR

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérparfir (miðstöðin) hefur skuldbundið sig til að vernda friðhelgi einkalífs, trúnaðar og öryggi [persónuupplýsinga þinna](#).

Sem ábyrgðaraðili gagna er miðstöðin ábyrg fyrir því að ákveða hvernig hún geymir og notar persónuupplýsingar þínar og að tilkynna þér um upplýsingarnar sem er að finna í þessari persónuverndarstefnu.

Þessi persónuverndarstefna lýsir:

- hvaða persónuupplýsingum um þig miðstöðin safnar og notar á meðan og eftir vinnusamband þitt og hvers vegna og hvernig hún gerir það;
- hverjum miðstöðin gæti deilt þessum gögnum með;
- hversu lengi miðstöðin geymir þessi gögn.

Þetta er í samræmi við [Almennu persónuverndarreglugerðina](#) (GDPR). Þessi persónuverndarstefna gildir um alla einstaklinga sem vinna *með* og *fyrir* miðstöðina. Einstaklingar sem vinna *með* miðstöðinni geta verið, en takmarkast ekki við, nemendur, fjölskyldur, sérfræðingar og fulltrúar landsmanna. Einstaklingar sem starfa *fyrir* miðstöðina geta falið í sér, en takmarkast ekki við, þá sem miðstöðin gerir samning við, svo sem liðsmenn miðstöðvarinnar og ráðgjafa.

Það er mikilvægt að þú lesir og skiljir þessa stefnu. Ef þú hefur spurningar eða skilur ekki þessa stefnu til fulls skaltu spyrja vinnuhóp miðstöðvarinnar um persónuvernd (privacy@european-agency.org) fyrir frekari upplýsingar.

Þetta er þýðing á upprunalegum texta á ensku. Ef efi vaknar um nákvæmni upplýsinga í þýðingunni skal skoða upprunalega enska textann.

Persónuverndarreglur

Miðstöðin uppfyllir GDPR. Þetta þýðir að persónuupplýsingar sem miðstöðin hefur um þig verða að vera:

- notaðar á löglegan, sanngjarnan og gagnsæjan hátt;
- safnað eingöngu í gildum tilgangi sem miðstöðin hefur útskýrt á skýran hátt fyrir þér og ekki notuð á nokkurn hátt sem er ósamrýmanlegur þeim tilgangi;
- viðeigandi fyrir tilganginn sem miðstöðin hefur sagt þér frá og takmarkast aðeins við þann tilgang;
- nákvæmar og uppfærðar;
- aðeins varðveittar eins lengi og nauðsynlegt er í þeim tilgangi sem miðstöðin hefur sagt þér frá;



- geymdar á öruggan hátt.

Réttindi þín

Miðstöðin mun virða lagalegan rétt þinn varðandi þær persónuupplýsingar sem safnað er um þig. Þetta felur í sér réttindi þín til að:

- fá aðgang að persónuupplýsingum þínum;
- fá upplýsingar um hvernig persónuupplýsingar þínar eru geymdar;
- leiðrétta eða láta leiðrétta ónákvæmar persónuupplýsingar um þig;
- láta fjarlægja persónuupplýsingar þínar á öruggan hátt eða eyða þeim þegar varðveisla þeirra er ekki lengur nauðsynleg í skilgreindum tilgangi;
- mótmæla því að unnið sé með persónuupplýsingar þínar;
- afþakka að persónuupplýsingum þínum sé deilt með þriðja aðila;
- afturkalla samþykki;
- biðja um flutning á persónuupplýsingum þínum til annars aðila.

Þú getur nýtt réttindi þín með því að hafa samband við privacy@european-agency.org ef þú vilt:

- skoða, staðfesta, leiðrétta eða biðja um eyðingu persónuupplýsinga þinna;
- mótmæla vinnslu persónuupplýsinganna þinna;
- afþakka að persónuupplýsingum þínum sé deilt með þriðja aðila;
- afturkalla samþykki;
- leggja fram kvörtun.

Ef þú afþakkar að persónuupplýsingunum þínum sé deilt með þriðju aðilum eða mótmælir því að miðstöðin vinni persónuupplýsingar þínar getur það haft áhrif á getu miðstöðvarinnar til að sinna vinnusambandi sínu við þig (svo sem að borga þér eða veita ávinning) eða hindra miðstöðina í að standa við lagalegar skyldur sínar.

Ef þú hefur spurningar eða áhyggjur af vinnslu gagna þinna eða vilt nýta réttindi þín samkvæmt gildandi lögum, hafðu samband við privacy@european-agency.org.

Skyldur þínar

Miðstöðin leitast við að viðhalda nákvæmum, fullkomnum og uppfærðum persónuupplýsingum (til dæmis einka- og/eða samskiptaupplýsingum um vinnu). Miðstöðin treystir á að þú upplýsir hana um breytingar á persónuupplýsingum þínum.



vegna hún þarfnast þeirra, svo að þú getir íhugað vandlega hvort þú eigir að veita samþykki þitt.

Söfnun persónuupplýsinga þinna

Miðstöðin getur safnað persónuupplýsingum þínum á nokkra mismunandi vegu. Þetta felur í sér beint frá þér eða frá öðrum aðilum þar sem persónuupplýsingar þínar eru aðgengilegar almenningi.

Ef um ráðningu er að ræða getur miðstöðin einnig safnað persónuupplýsingum þínum frá vinnustofnun, vinnumiðlun eða frá þriðja aðila, þar á meðal fyrirverandi vinnuveitendum þínum (tilvísanir).

Tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga

Miðstöðin vinnur persónuupplýsingar í eftirfarandi almennum tilgangi:

- til að bera kennsl á fólk sem vinnur með og fyrir miðstöðina;
- til að eiga samskipti við fólk sem vinnur með og fyrir miðstöðina;
- til að uppfylla mannauðskröfur (til dæmis ráðningar, vinnu, árangursstjórnun, nám og þróun, launaumsjón, launakjör og fríðindi);
- til að fara að lagareglum, þ.m.t. fylgni við beiðnir stjórnvalda um upplýsingar og skattafylgni;
- til að styðja við vinnusambandið við miðstöðina;
- til að fara að ytri/innri skýrslugerðar- og endurskoðunarreglum.

Miðstöðin gæti stundum þurft að vinna persónuupplýsingar í tilgangi sem upphaflega var ekki talið til á þeim tíma sem gögnunum var safnað. Í þessum tilvikum mun miðstöðin tilkynna þér um þessa nýju notkun áður en unnið er með persónuupplýsingar þínar.

Lagagrundvöllur vinnslu persónuupplýsinga

Miðstöðin byggir á eftirfarandi lagagrundvelli fyrir vinnslu persónuupplýsinga þinna samkvæmt GDPR:

- Almennar persónuupplýsingar: [Grein 6 \(1\)](#)
- Viðkvæmar persónuupplýsingar: [Grein 9 \(2\)](#)
- Sakaskrá: [Grein 10](#).



Deiling persónuupplýsinga með þriðju aðilum

Miðstöðin gæti þurft að deila persónuupplýsingum þínum með þriðju aðilum. Miðstöðin krefst þess að þriðju aðilar virði öryggi persónuupplýsinga einstaklinga og fari með þær í samræmi við lög.

Miðstöðin kann að deila persónuupplýsingum þínum með þriðju aðilum þar sem lög krefjast þess (til dæmis endurskoðendur, skattayfirvöld o.s.frv.), þar sem nauðsynlegt er að hafa umsjón með vinnusambandi við fólk sem vinnur með eða fyrir miðstöðina eða þar sem miðstöðin hefur annan lögmætra hagsmuna að gæta af því.

Þriðju aðilar innifela þriðju aðila þjónustuveitendur. Eftirfarandi starfsemi er unnin af þriðju aðila þjónustuveitendum: launaskrá, hlunnindi og umsýsla, upplýsingatækniþjónusta (IT), ferðaþjónusta og ráðningarþjónusta.

Allir þriðju aðila þjónustuaðilar miðstöðvarinnar eru samningsbundnir til að gera viðeigandi öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar í samræmi við stefnu miðstöðvarinnar. Miðstöðin leyfir ekki þriðju aðila þjónustuveitendum að nota persónuupplýsingar í eigin tilgangi. Miðstöðin heimilar þeim einungis að vinna persónuupplýsingar í tilteknum tilgangi og í samræmi við fyrirmæli hennar.

Miðstöðin kann einnig að deila persónuupplýsingum þínum með þriðja aðila, svo sem hótelum, veitingastöðum o.s.frv., sem tengjast þátttöku þinni í starfsemi miðstöðvarinnar (til dæmis fundum og viðburðum). Miðstöðin mun biðja þessa þriðju aðila að skjalfesta GDPR samræmi þeirra.

Öryggi persónuupplýsinga

Miðstöðin er skuldbundin til að vernda persónuupplýsingarnar sem hún safnar um þig gegn hættu á tapi eða óleyfilegri notkun eða aðgangi. Hún hefur innleitt sanngjarnt og viðeigandi tæknilegt, áþreifanlegt og stjórnunarlegt eftirlit til að vernda persónuupplýsingar þínar.

Almennt séð er aðgangur að persónuupplýsingum takmarkaður við fólk sem starfar hjá miðstöðinni sem þarf á þeim að halda í þeim tilgangi sem tilgreindur er í þessari persónuverndarstefnu eða þar sem annað er krafist í lögum. Þar á meðal eru meðlimir stjórnenda miðstöðvarinnar, mannauðs- og fjármálasviðs. Takmarkaður aðgangur kann að vera veittur öðru fólk sem starfar hjá miðstöðinni á grundvelli nauðsynjar til að vita, svo sem til að styðja við starf þitt með og fyrir miðstöðina og þátttöku þína í starfsemi miðstöðvarinnar, fundum o.s.frv.

Miðstöðin getur birt persónuupplýsingar til að vernda brýna hagsmuni fólks sem vinnur með eða fyrir miðstöðina (svo sem viðbrögð við öryggisatvikum eða til heilbrigðisstarfsmanna ef upp koma lífshættuleg neyðartilvik), til að vernda lögmæta



hagsmuni miðstöðvarinnar (svo sem upplýsingatækni og netöryggi) eða ef miðstöðin telur upplýsingagjöfina nauðsynlega til að uppfylla gildandi lagaskyldur.

Miðstöðin hefur verklagsreglur til að takast á við hvers kyns grun um gagnaöryggisbrot. Miðstöðin mun tilkynna þér og öllum viðeigandi eftirlitsaðilum um grun um brot þar sem það er lagalega skylt að gera það.

Varðveisla persónuupplýsinga

Miðstöðin mun aðeins varðveita persónuupplýsingar þínar eins lengi og nauðsynlegt er til að uppfylla tilganginn sem þeim var safnað fyrir. Þetta felur í sér að fullnægja öllum lagalegum, bókhalds- eða skýrsluskilyrðum. Til að ákvarða viðeigandi varðveislutíma fyrir persónuupplýsingar hefur miðstöðin í huga:

- magn, eðli og viðkvæmni persónuupplýsinganna;
- hugsanlega hættu á skaða vegna óleyfilegrar notkunar eða birtingar persónuupplýsinga;
- í hvaða tilgangi persónuupplýsingar eru unnar og hvort miðstöðin geti náð þeim tilgangi með öðrum hætti;
- gildandi lagaskilyrði.

Á meðan á vinnusambandi þínu við eða fyrir miðstöðina stendur verða persónuupplýsingar þínar unnar í samræmi við þessa persónuverndarstefnu.

Þegar þú ert ekki lengur að vinna með eða fyrir miðstöðina og ekki er lengur nauðsynlegt að varðveita persónuupplýsingar þínar mun miðstöðin eyða gögnunum á öruggan hátt.

Breytingar á persónuverndarstefnu stofnunarinnar

Miðstöðin áskilur sér rétt til að uppfæra þessa persónuverndarstefnu hvenær sem er. Miðstöðin mun ekki draga úr rétti þínum samkvæmt þessari persónuverndarstefnu eða samkvæmt gildandi gagnaverndarlögum í lögsagnarumdæmunum þar sem miðstöðin starfar. Ef breytingarnar á persónuverndarstefnunni eru umtalsverðar mun miðstöðin veita meira áberandi tilkynningu þegar þess er krafist samkvæmt gildandi lögum. Vinsamlegast skoðaðu þessa persónuverndarstefnu annað slagið til að vera uppfærður um allar breytingar.



Skilgreiningar

Persónuupplýsingar

„Persónuupplýsingar“ eru allar upplýsingar sem varða auðkenndan eða auðkennanlegan einstakling („skráður einstaklingur“); persónugreinanlegur einstaklingur er einstaklingur sem hægt er að bera kennsl á, beint eða óbeint, einkum með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða til eins eða fleiri þátta sem eru sérstakir fyrir líkamlega, lífeðlisfræðilega, erfðafræðilega, andlega, efnahagslega, menningarlega eða félagslega auðkenni viðkomandi einstaklings (3. gr. (1), [reglugerð \(ESB\) 2018/1725](#)).

Sérstakir flokkar persónuupplýsinga

„Sérstakir flokkar“ persónuupplýsinga fela í sér viðkvæmar upplýsingar sem varða kynþátt eða þjóðernisuppruna, stjórnámálaskoðanir, trúarskoðanir eða heimspekilegar skoðanir eða aðild að stéttarfélögum, erfðafræðileg gögn, líffræðileg tölfræðigögn, gögn sem varða heilsufar eða gögn sem varða kynhneigð einstaklings (9. gr. [GDPR](#)).

IS

www.european-agency.org

